



## SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND

Túnbraut 1-3 545 Skagaströnd

**Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti**  
**Annas Sigurmundsson**  
**Skúlagötu 4**  
**150 Reykjavík**

Skagaströnd, 6. desember 2018

### **Tillaga að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta.**

Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkir að óska eftir við háttvirtan atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að sérstök skilyrði verði sett fyrir úthlutun byggðakvóta sem kom í hlut Skagastrandar sbr. bréf ráðuneytisins dags. 22. nóvember 2018. Vísað er til 4. gr. reglugerðar 685/2018 og óskað eftir að eftirfarandi sérstök skilyrði verði sett:

1. Við úthlutun byggðakvóta verði kvótanum skipt í tvo flokka. Annars vegar verði úthlutað 45 tonnum til báta með hlutdeild í innfjarðarrækjuveiðum á Húnaflóa (Húnaflóarrækja) sem eru gerðir út frá Skagaströnd og hins vegar 255 tonnum skv. almennum skilyrðum reglugerðarinnar auk þeirrar viðbótar sem kann vera til úthlutunar vegna ónotaðs byggðakvóta á síðasta fiskveiðiári. Hver útgerð sem sækir um byggðakvóta getur þó átt rétt á úthlutun úr báðum flokkum.
2. Við úthlutun byggðakvóta verði gerð sú breyting á forsendum skv. 4 gr. að sá hluti sem úthlutað er til báta með hlutdeild þann 1. september 2018 í innfjarðarrækjuveiðum á Húnaflóa (45 tonnum) verði úthlutaðum heimildum skipt jafnt milli hæfra umsækjenda. Þeim hluta sem úthlutað verður skv. almennum skilyrðum (255 tonnum) verði hins vega skipt skv. ákvæðum 4. greinar reglugerðarinnar. Sú breyting verði gerð að hámark úthlutunar til hvers fiskiskips verði 50 þorskígildislestir. Hámarkið gildi um samanlagða úthlutun í báðum flokkum sbr. 1. töluliður þessa bréfs. Þó skal við úthlutun fyrst reikna að fullu byggðakvóta sem úthlutað er vegna innfjarðarrækjuveiða.
3. Veitt verði undanþága frá löndun til vinnslu sem fram kemur í ákvæði 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar. Fiskiskipum verði eftir sem áður skylt að landa í byggðarlaginu.



## SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND

Túnbraut 1-3 545 Skagaströnd

### Greinargerð:

1. Sveitarstjórn telur rétt að veita hluta byggðakvóta til þeirra sem hafa þurft að hætta innfjarðarrækjuveiðum sem lögðust af um 2000. Í ljósi þeirra forsendna sem úthlutun byggðakvóta til Skagastrandar byggir á eru jafnframt forsendur til að hluti byggðakvóta verði veittur þeim sem þær veiðar stunduðu og enn gera út frá Skagaströnd.
2. Með tilliti til þess að sá hluti byggðakvótans sem tengist rækjuveiðum getur ekki tengst með beinum hætti löndun afla síðustu 12 mánuði er lagt til að miða hvorki við aflahlutdeild eða landaðan afla heldur verði kvótanum skipt jafnt milli þeirra báta sem falla undir þá reglu. Á hinn bóginn telur sveitarstjórn rétt að um þann hluta byggðakvótans sem úthlutað verði samkvæmt almennri reglu verði viðmið reglugerðarinnar notað og kvóta skipt hlutfallslega eftir lönduðum afla á Skagaströnd á tímabilinu 1. september 2017 til 31. ágúst 2018, að teknu tilliti til hámarksúthlutunar á hvern bát.
3. Forsendur þess að sveitarstjórn fer fram á að vinnsluskyldu verði aflétt eru þær að ekki er rekin fiskvinnsla á staðnum sem getur tekið við þeim fiski sem útgerðir á Skagaströnd veiða. Ekki hefur náðst samkomulag við fiskvinnslufyrirtæki um uppsetningu vinnslu á Skagaströnd þrátt fyrir umleitanir og viðræður þar um. Umræddar útgerðir geta því ekki orðið hæfar til að fá úthlutaðan byggðakvóta nema vinnsluskyldunni verði aflétt. Engu að síður er skýrt að löndun aflans er bundin við byggðarlagið.

Fyrir hönd sveitarstjórnar Skagastrandar,

Magnús B. Jónsson, sveitarstjóri